



Alþingi  
Nefndarsvið Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2021

Tilvísun 2021-0027

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunarskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), 602. mál.**

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Um er að ræða viðamiklar og mikilvægar breytingar á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Hér á eftir fylgir umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðlega vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), 602. mál, en hún er að mestu leyti samhljóða umsögn ASÍ við sambærilegt frumvarp sem lagt var fram á fyrra þingi.

**Umsögn Alþýðusambands Íslands**

Í 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um að verði dvalarleyfi á grundvelli 1. mgr. 61. gr. laga um útlendinga með yfirskriftinni „*Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðibekkingar*“ afturkallað vegna þess að útlendingur hefur misst starf sitt er heimilt að veita honum dvalarleyfi til þriggja mánaða til að þess að hann geti leitað sér annars starfs á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er framagreind breyting rökstudd þannig: „*Ákvæðið felur í sér efnislega breytingu til hagsbóta fyrir útlendinga sem hafa dvalarleyfi á grundvelli sérþekkingar.*“ ASÍ gerir ekki athugasemdir við þessa rýmkun á réttindum erlendra starfsmanna sem missa starf sitt með framangreindum hætti. Alþýðusambandið bendir á að eðlilegt sé að „*Dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki*“ sbr. 62. gr. sé meðhöndlað með sama hætti.

Í 23. gr. frumvarpsins er fjallað um „*Dvalarleyfi vegna vistráðningar*“ sbr. 68. gr. laga um útlendinga. Þar segir „*Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu einu sinni til*



Alþýðusamband Íslands

*eins ár en þó aldrei til lengri tíma en hlutaðeigandi samningur um vistráðningu gerir ráð fyrir."*

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að komið hafa upp dæmi um brotastarfsemi m.a. í formi félagslegra undirboða á vinnumarkaði í skjóli vistráðningar. Ráðningarkjör eru oft óljós og aðbúnaður vistráðinna mjög misjafn. Þá liggur fyrir að ekkert opinbert eftirlit er með framkvæmdinni og vistráðnir einstaklingar algerlega háðir þeim sem þeir eru ráðnir til. Í því ljósi hefur ASÍ lagt til að heimild til vistráðningar verði felld úr lögum og hvetur til þess að tækifærið verði notað nú og hún ekki heimiluð að nýju nema þá að lokinni vandaðri vinnu þar sem ma. verði tryggt nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdinni og vernd fyrir vistráðna. Verði ekki fallist á það er að lágmarki gerð krafa um að heimilin til vistráðningar verði ekki útvíkkuð frá því sem nú er.

Alþýðusamband Íslands tekur ekki afstöðu til efnis frumvarpsins að öðru leyti en því sem gerð er grein fyrir hér að framan. Þá telur ASÍ ástæðu til að vekja athygli á viðamikilli og ítarlegri umsögn Rauða kross Íslands um frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
Guðrún Margrét Guðmundsdóttir